

AGNIÐ

1. tölublað - 22. árgangur



Meðal efnis:

Uppskriftin

- *Jú hún er á sínum stað*

Veiðileyfin

- *Gott úrval veiðileyfa*

Aðalfundur 2014

- *Umfjöllun um aðalfundinn*

Lokahófið 2014

- *Fullt af myndum*

Veiðisögur

- *Jú jú - auðvitað*

Viðtal

- *Einnig*

Lokahófið 2014

- *Fullt af myndum*

Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar

Söluskrá 2015



Reykofninn ehf
Skemmuvegi 14 bleik gata
200 Kópavogi
Sími: 557 2122



Ljósmyndir í blaðinu er fengnar frá félagsmönnum og þakkar stjórn SVH þeim kærlega fyrir myndirnar.

Útgefandi:
Stangaveiðifélag
Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29
200 Hafnarfjörður

Sími: 5654020

Netfang stjórnar:
stjorn@svh.is

Netfang ritstjórnar:
webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðarmaður:
Vilborg Reynisdóttir

Ritstjórn: Ævar Ágústsson
Sími: 8200210

Prentun: Litróf



FLUGUHNÝTINGAEFNI

Þú færð ekki meira úrval af fluguhnýtingaefni en hjá okkur

Öll áhöld - vicea - skæri - tvinna - floss - hár - kamasan króka
fjaðrir - peacock vængi - hami - kúlur beads - lakk og lím
allt búkefni - dubb - chenille - vinil rib - mylar - túpuefni ofl. ofl.



Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugavegi 178 - sími 551 6770 - www.vesturrost.is

Heil og sæl kærur félagar og gleðilegt árið!

Það lyftir manni upp að vetrarsólin er farin að hækka á lofti og maður finnur fyrir vaxandi tilhlökkun eftir sumrinu. Tíminn er líka fljótur að líða og fyrr en varir er komið vor. Kannski eru margir þegar byrjaðir að undirbúa sig og velta því fyrir sér hvernig þetta allt verði, hvert eigi að fara og hversu oft. Til gamans þá sá ég um daginn birta völvuveiðispá á fréttamiðlum. Ekki ætla ég að leggja neinn dóm á þá spá, en eigi að síður var gaman að lesa hana.

Er samt ekki frá því að hún hafi átt þátt í því að ég fór að hugsa enn meira til sumarsins og orðin spennt að skella hnýtingagræjunum upp sem fyrst. Við erum örugglega mörg í þessum hugleiðingum og jafnvel byrjuð sum hver á fullu. Svo þarf auðvitað að skoða boxin og kanna hvort ekki vanti þessa eða hina fluguna, eða bara kíkja í veiðibúðirnar og skoða allt úrvalið sem nýtt er til hnýtinga, eða nýjar stangir.

Það er nú samt sem áður staðreynd að veiðin var frekar slök bæði í laxi og silung á síðasta ári. Við veiðifólk erum öll meðvituð um þessar sveiflur í veiðinni milli ára. Ég hef áður lagt það til að við ættum að hugsa um hvert sumar sem óskrifað blað. Verðum við ekki bara að vona það besta eins og alltaf?

En hvað sem því líður þá má segja að margt hafi breyst síðustu árin. Á ég þá við þá þróun sem við höfum þurft að sætta okkur við. Erum í stöðugri samkeppni við erlenda veiðimenn um veiðileyfi í uppáhalds ánum okkar, eða horfum á ársvæði fara í hendur erlendra leigutaka sem loka jafnvel fyrir þær til innlendra veiðimanna. Þetta er nokkuð sem ég hef áhyggjur af og alls ekki gott fyrir veiðimenn framtíðarinnar. Veiðileyfi halda áfram að hækka og verðlagningin þess eðlis að það er orðið of dýrt fyrir hinn almenna veiðimann. Ef veiðiár okkar landsmanna verða ekki aðgengilegar fyrir okkur, hvar endar þetta þá allt saman? Og hvað með vötnin? Er eitthvað sem kemur í veg fyrir erlendir aðilar yfirbjóði þau líka? Vildi gjarnan sjá yfirvöld taka þetta til umræðu áður en við missum fleiri veiðisvæði í hendur erlendra aðila.

Eins og sjá má þá hefur AGNIÐ tekið miklum breytingum hvað varðar útgáfu og stærð blaðsins.

En stjórnin tók þá ákvörðun á síðastliðnu ári að hætta útgáfu 3-4 lítilla blaða á ári en gefa þess í stað út eitt stórt blað í janúar ár hvert. Með þessu næst mikil hagræðing í rekstri félagsins.

Meðfylgjandi eru svo umsóknarblöð veiðileyfa til ykkar félagsmanna sem og söluskrá veiðileyfa.

Ef við förum yfir síðasta ár þá var félagsstarfið með ágætum. Héldum nokkrar kynningar á opnum húsum sem voru vel sóttar. Lokavöldið var fjölmennt sem áður og fengum við góða gesti til að skemmta okkur. Frábær þátttaka var í innanfélagskeppninni um efnilegustu silungafluguna sem haldin er ár hvert og alltaf er mikil spennan að sjá vinningsflugurnar. Vil ég hvetja félagsmenn til að vera einnig með á þessu ári. Verðlaunaafhending í keppninni hjá unglingunum fór svo fram á hreinsunarhelginni í Hlíð

utandyra í blíðskaparveðri.

Framkvæmdir voru nokkrar á síðastliðnu ári, en farið var í að styrkja undirstöður veiðihúss við Djúpavatn og pallur endurnýjaður að mestu. Var það gert á tveimur vinnuhelgum í maí með vasklegri framgöngu stjórnar og nefndarmanna ásamt öðrum verkefnum sem lágu fyrir svo sem sleppingar á fiski og meðal annars lagaður vegurinn að húsinu og fl. Í maílok var mikið um að vera í Djúpavatni þar sem erlend sjónvarpsstöð í gegnum fyrirtækið True North tók húsið á leigu fyrir þýskan sjónvarpsþátt. Komu leigutekjur sér vel til að lækka kostnað við pallasmíðina.

Annars gekk mjög vel að selja í vatnið og sjaldan verið eins lítið eftir af lausum leyfum sem fóru í almenna sölu eftir úthlutun, enda vinsældir þess stöðugt að aukast.

Á hreinsunarhelginni í Hlíð var góð mæting eins og alltaf og og veðrið einstaklega gott. Eftir tiltekt fóru menn að veiða eftir hádegis, en þó ekki fyrr en þeir höfðu gætt sér á kjötsúpunni frægu. Nokkrar fallegar bleikjur komu á land og hægt að sjá myndir af þeim í blaðinu.

Veiðin síðastliðin sumar var reyndar með slakasta móti en þó komu nokkur skot. Einnig var ásókn í vatnið eitthvað minni en árið á undan og það getur líka haft áhrif á aflatölur. Annars seldust nokkrir dagar í september sem er ánægjulegt. Það þarf að stunda vatnið meira síðari hluta sumars enda gæti það alveg eins gerst að haustveiðin gæfi vel ef hún yrði stunduð af kappi eins og sýndi sig oft á árum áður.

Í Kleifarvatni var þetta svona upp og ofan. Við höfum ekki handbærar veiðitölur þaðan, en fengið nokkur sýni af merktum fiski sem nýtast munu til rannsókna. Fréttum líka af stórum urriðum sem veiddust seinni hluta sumars og fengum myndir sendar því til staðfestingar.

Já það var í nógu að snúast hjá stjórn og nefndum á liðnu ári. Í desember var einnig farið í að gera smá andlitslyftingu á félagsheimilinu okkar sem var orðið tímabært. Skipt um ofna málað og fleira. Fyrr um sumarið var einnig skipt um gler að hluta á framhlið hússins.

Framundan eru svo umsóknir veiðileyfa, aðalfundur, opin hús og unglingastarfið.

Við leituðum til félagsmanna með innsent efni í blaðið og það gekk það alveg ljómandi þó ég sé viss um að mörg ykkar eigi fullt af myndum. Við munum örugglega leita til ykkar með efni fyrir blaðið á næsta ári en þá verður félagið okkar 65 ára.

Að lokum langar mig að þakka bæði stjórn og nefndarmönnum fyrir framlag þeirra og frábært samstarf á liðnu ári. Það er ómetanlegt að hafa gott fólk með sér og eflir félagsstarfið okkar.

Einnig vil ég þakka ykkur öllum sem hafa stutt hafa við útgáfu þessa blaðs, svo og öllum þeim sem styrkt hafa við félagið á allan hátt.

Sjáumst hress og kát á opnu húsunum í vetur.

Með ósk um góðar stundir

Vilborg Reynisdóttir



FARSÆL ÞJÓNUSTA VIÐ VEIÐIMENN SÍÐAN 1988

Bókanir hafnar fyrir 2015!

Breiðdalsá /// Breiðdalsá silungasvæði
Jökla I og Fögruhlíðará /// Jökla II /// Jökla III
Fögruhlíðarós /// Hrótafjarðará /// Minnivallalækur


VEIÐIÞJÓNUSTAN
Strengir
www.strengir.is

ellidason@strengir.is /// 660 6890 

Aðalfundur 2014

Aðalfundur félagsins er haldinn í febrúar ár hvert. Hér að neðan má sjá nokkrar myndir teknar á fundinum í febrúar 2014. Allgóð mæting var eins og ávallt, enda bauð fundurinn upp á allt það besta sem góður aðalfundur getur boðið upp á. Vöflur með rjóma, tvær bikarafhendingar, rússneskar kosningar og allt þar á milli. Einn var kvaddur með blómum eftir langa og góða setu í stjórn félagsins.

Myndirnar hér á síðunni:

Hér f. neðan: María Petrína Ingólfssdóttir handhafi Alexandersbikarsins. Hún fékk hann fyrir stærstu veiddu bleikjuna í Hlíðarvatni, 2.650 gr. og 62 cm.

Ármann Sigurðsson afhendir Freydísi Óttarsdóttur Bröndubikarinn fyrir stærsta veidda fiskinn í ferð uSVH í Djúpavatn.

Til hægri ofnafrá og niður: Að vanda var þéttskipaður bekkurinn á aðalfundinum á tveim efri myndunum.

Þriðja myndin: Hallberg Svavarsson fyrrum stjórnarmeðlimur fékk blómvönd frá formanninum fyrir mikil og góð störf í þágu félagsins.

Neðasta myndin: Vöflukaffið eina og sanna.



Lokahóf 2014

Að vanda var lokhóf SVH „Kvöldið fyrir Sumardaginn fyrsta“ haldið á síðasta vetrardag. Eins og sjá má á myndunum var happadrættið á sínum stað. Ýmsar verðlaunaafhendingar, eins og mætingaverðlaun og verðlaun fyrir Efnilegustu silungafluguna 2014. Mannskapurinn skemmti sér konunglega eins og ávallt. Staðurinn þéttsetinn og skemmtiefni í „dýrari kantinum“, meðal annars flutti **Drengjakór íslenska lýðveldisins** gamanvísur af bestu gerð.

Við viljum benda á að núna þegar fer að vora verður lokahófið **miðvikudaginn 22. apríl 2015, kl: 20:00**, í félagsheimili okkar að Flatahrauni 29. Við hvetjum að sjálfsögðu alla til að setja það í dagskránnu hjá sér svo enginn gleymi að mæta



Uppskriftin - nú skal grafa

Grafkrydd

- 7 msk brúnt dill
- 3 msk grænt dill
- 3 msk salt
- 3 msk sykur
- ½ msk hvítur pipar
- 1 tsk fennel

Öllu blandað vel saman



Sósan

- 1 bolli majónes
- 1 bolli sýrður rjómi
- 3 msk SS sinnep
- 2 msk grænt dill
- 2 msk hunang

Öllu hrært vel saman - mætti jafnvel útbúa deginum áður en nota á.

Grafin bleikja

Við ætlum að grafa ca 2 kg bleikju ef slíkur munaður skyldi enn leynast í kistum veiðimanna.

Byrjum á því að flaka fiskinn - ef hann er ekki þegar flakaður. Svo er bara að setja flökin á álpappír og þekja vel með kryddblöndunni. Góð viðmiðun er að hafa u.þ.b. 1 cm lag af kryddi á hvoru flaki. Blandan er ætluð til að draga vökva úr fiskinum, ekki síður en að krydda hann. Svo leggjum við flökin saman og pökkum vel inn í álpappír (eða matarfilmu) ef það hentar betur. Passið að hafa þetta frekar þétt því vökvi getur lekið úr pakkningunni. Setjið í kælikáp í u.þ.b. fjóra daga og snúið 2x á sólahring. Persónulega finnst mér fiskurinn betri eftir fjóra daga (jafnvel fimm) - en þetta er eitthvað sem verður að prófa sig áfram með því smekkur fólks er misjafn hvað þetta varðar. Þegar pakkinn er opnaður

ættu flökin að líta svipað út og á mynd

(1). Svo er fínt að snöggskola þau upp úr köldu vatni og þerra strax að því loknu. Flökin ættu að vera eins og á mynd (2). Því næst er eitt skemmtiatriði eftir - en það er að fjarlægja „beinagarðinn“ sem eru í miðju flakinu. Best er að gera það með flísatöng, sjá mynd (3). Svo þegar þetta er komið er bara að sneiða niður flökin sambærileg og sjá má á efstu myndinni. Berist fram með ristudu brauði og sósunni sem er hér á síðunni. Eitt vandamál sem ég hef rekist á, það er að verða sér út um brúnt dill. Ég hef pantað það frá Ásbyrgi-Flóra á Akureyri, en þar er það selt í eins kíló pakkningum. Ég panta það þaðan ásamt græna dill-inu. Athugið - ekki er síðra grafa urriða og lax með sömu aðferð.



Mynd 1 - nýbúið að opna pakkninguna



Mynd 2 - Flökin hrein og fín



Mynd 3 - Búið að plokka beinin úr



FJARÐARKAUP

Fjölskylduferð í Hrollu

Það var síðla ágústmánaðar sem við frændur héldum úr Selá í Steingrímsfirði, hvar við höfðum verið við veiðar við litlar gæftir og áleiðis í Skagafjörðinn í fjölskylduveiðiferð í Hrolleifsdalsá. Vorum heldur snemma á ferð og restin af fólkinu mínu ekki komin að sunnan svo við skelltum okkur í hina frábæru sundlaug á Hofsósi með þetta miljóndollaraútsýni úr heitapottinum, - bara hægt að mæla með!!

Báðir ókunnugir veiðilendum Hrollunnar en fundum okkur strax vel í litlu en vinalegu veiðihúsi og dóluðum okkur svo af stað að kanna staðhætti og renndum fyrir á nokkrum stöðum.

Fór nú fólkið mitt að týnast á svæðið og um kvöldmat var fullskipað lið og tengdasonurinn sem var að veiða í annað sinn á ævinni setti í sprækan urriða, rúmlega pund og töldum við það vísi á frekari veiðivon, þrátt fyrir að veiðibók gæfi kannski fyrirheit um annað. Þar var nefnilega ekkert skráð í dagóðan tíma og síðasta veiði var lengst inná dal þar sem menn höfðu verið að tína upp bleikjur. Á heila deginum var skipt liði og veiðisvæði kannað og veitt skipulega og af elju, en lítið að hafa, kallinn (ég) setti í annan urriðatitt, heldur stærri þó og það var allt og sumt þar til um kvöldið að yngsti veiðimaðurinn sem jafnframt er sá ákafasti fékk 4ra punda kolsvartan og dýrvitlausan urriða neðan við þjóðveggarbrú og var það löng og strembin viðureign þar sem agnið var örsmá púpa og ekki hægt að taka almennilega á kvikindinu.

Kvöldið endaði svo með hefðbundnu móti á grillmat og meðlæti og svo var tekið í spil frameftir. Þannig háttaði til að ég var með hægri hönd í gifsspelku og var nú farinn að þreytast í hendinni enda komið á 5. dag í samfelldri veiði, og stakk ég uppá því við frúna að við myndum leyfa krökkunum að veiða morgunvaktina og við gömlu skveruðum húsið og gengum frá. Þetta fékk góðan hljómgrunn enda hún nýkomin úr aðgerð á hönd viku áður og líka farin að þreytast, (já já - bæði einhent en þó samhent?), við vorum hinsvegar búinn að þessu um hálfellefu, ég var kominn í leðurjakkann og jésúskóna (sandalar), þá heimtaði mín að fá að veiða út tímann. Ekki gat ég verið með nein leiðindi út af því, en bentu henni nú góðfúslega á að lítil veiðivon væri og krakkarnir ekkert búin að fá, en hún stóð föst á sínu, svo ég græjaði stöng með flotholti og maðki, svona til að hafa þetta sem þægilegast, keyrði hana að þeim hyl sem hún bað um, óskaði henni góðrar skemmtunar og fór inní bíl og lagði mig, steinsofnaði reyndar út frá góðri tónlist. Svo fer ég að heyra undarleg hljóð í gegnum svefninn og mér fannst ég vera staddur í kríuvarpi, en þegar meðvitundin smámsaman kom áttaði ég mig á því hvaða árstími var og þetta með kríurnar gæti illa staðist, svo ég skrúfa niður rúðuna og heyri þá að þetta myndi vera kvenrödd, að mér finnst í fjarska og geng útfrá því að stelpan mín hafi fengið eða sett í fisk niðrí ós, og fagnaðarópin bærust uppeftir í blíðunni. Hækkar nú heldur hávaðinn og verður mér þá lítið út um hinn gluggann á bílnum og sé hvar mín stendur í vatni uppí brjóst og stöngin í

U. Ég snara mér út úr bílnum og fæ heldur kaldar kveðjur „það er mikið að þú vaknar maður, ég er búin að standa hér í hálf tíma“. Það var þungt í minni sem réð ekki við að koma sér í land í þungum straumi, með vænan fisk á og eina hönd, því hin var í umbúðum og veikburða eftir aðgerðina. Það var því ekki um annað að ræða en að skvera sér úr sparjakkanum, sandölum, sokkum og buxum og byrja á að bjarga veiðimanninum í land, og ég sé strax að það er lax á og sá var nú farinn að þreytast en lá þungt í svo við urðum sammála um að hún skyldi bakka upp bakkann hægt og rólega, hann væri örugglega vel fastur fyrst hann hefði verið svo lengi á og svo var fiskurinn leiddur í lítið vik, sporðtekinn og björtum 6 punda laxi snarað á land við ómældan fögnuð veiðimannsins (konunnar) sem snerti ekki jörð á leið heim í veiðihús.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem þrautsegja „mömmu“ verður til að hún bakar okkur karlpeninginn í fjölskyldunni í veiðimennskunni og hefur það nú verið sett í nefnd hvort það sé yfirleitt sanngjarnt að leyfa henni að koma með - ég meina þetta gengur nöttla ekki ??

En Hrolleifsdalsáin heillaði okkur nú þrátt fyrir allt og ekki síst fyrir góðan endi á veiðiferð, sem verður vonandi endurtekin fyrr en seinna. Takk fyrir okkur.

Hans Unnpór Ólason #80 og fjölskylda



Frúin með laxinn góða

RB RÚM



Svífðu inn í svefninn eftir góða útiveru

Í áraradír hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Við ráðleggjum fólki að hafa tvær dýnur í öllum hjónarúmum og tengja

dýnurnar saman með rennilásum. Mismunandi stífleika er hægt að velja allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr.

Mikið úrval af öllum tegundum rúma.

Hafið samband við sölumenn okkar fyrir frekari upplýsingar.

Íslensk framleiðsla síðan 1943.

Opið alla virka daga
frá kl. 09.00–18.00 og
laugardaga 10.00–14.00

Erum á [facebook](#)



Alþjóðleg viðurkenning
fyrir framúrskarandi
árangur í framleiðslu í
rúmum og springdýnum.



Ýmsar auglýsingar



Vantar þig veislusal?

Hægt er að fá hinn glæsilega sal SVH leigðan.

(Sjá einnig www.svh.is)

Upplýsingar veitir:

Sigríður símar: 5653602

eða 8923037

Einnig sími: 5654020

Ferðu reglulega inn á heimasíðuna okkar? www.svh.is ef ekki þá er kominn tími til að skella sér þangað.

Færð þú reglulega tölvupóst frá félaginu?

Ef ekki - Ertu skráð / ur á póstlistann?

Sendu póst á stjorn@svh.is til að fullvissa þig um að þú sért á póstlistanum.

Vér bendum einnig á smettiskruddusíðu vora:

[facebook.com/Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar](https://facebook.com/StangaveiðifélagHafnarfjarðar)

- Stjórn SVH

Viltu vinna fyrir félagið?

Ef þú félagi góður hefur brennandi áhuga á að vinna með okkur, endilega kíktu við á eitthvað af opnu húsunum og spjallaðu við okkur. Einnig er hægt að senda póst á stjorn@svh.is og forvitnast um málið.

- Stjórn SVH



Við hjá SVH sendum öll okkar óseldu leyfi inn á söluvefinn www.leyfi.is

Fylgist með þar þegar fer að vora (þar er einnig er hægt að skrá sig á óskalista)

Aðalfundur SVH 2015

Aðalfundur Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar verður haldinn laugardaginn 14. febrúar 2015, kl. 13:00 í samkomusal félagsins að Flatahrauni 29. Hafnarfirði

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf og bikarafhending.

Framboð til stjórnar og varastjórnar:

Samkvæmt lögum félagsins skal skila skriflegum framboðum til setu í stjórn SVH.

Þann 1.2.2015 þurfa því skrifleg framboð að vera komin til félagsins.

Auglýsing með framboðum verður birt á vef SVH www.svh.is og í Fjarðarpóstinum.

Félagar eru hvattir til að mæta.

Kaffi og vöffur að loknum aðalfundarstörfum

Við minnum á að skilafrestur umsókna um veiðileyfi er á aðalfundi.

- Stjórn SVH



FJALLA KOFINN

Smartwool
Alltaf – allsstaðar!

Ull er ekkert bull!
Eina sem dugar, hvort sem það er í veiðina, sveitina eða vinnuna.

Kynntu þér úrvalið af SMARTWOOL ullarnærfötunum og sokkunum í verslunum Fjallakofans.

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  

FJALLA KOFINN

Hlíðarvatn - yfirlit

Árleg hittast veiðifélögin sem eiga hagsmuna að gæta við Hlíðarvatn. Þessi fundur ber yfirskriftina "Vinir Vatnsins". Fundurinn var haldinn í byrjun nóvember sl.

Hér fyrir neðan er úrdráttur úr fundargerð fundarins - svo á eftir fylgja yfirlitsmyndir úr samantekt okkar félaga (Vignis B. og Kristjáns Knútssonar) hvað veiði varðar. Inn á milli má svo sjá myndir frá Hlíðarvatni.

Umræður og málsmeðferð úr fundargerð:

Fulltrúar félaganna röktu veiðina í sumar. Afli var 18% minni en í fyrra. Alls eru bókaðar 764 bleikjur. Mikil rigningartíð hafði vafalaust áhrif bæði á sókn og veiði. Mun meira rigndi í ár, 749 mm samanborið við 575 mm í fyrra en úrkoma er mæld á Vogsósum. Árið 2013 voru 86 af 153 veiðidögum (maí til september) blautir dagar en í ár voru þeir 102 eða 2/3 veiðitímans. Upplýst var í umræðum að sumir bóka ekki fiska undir 25 cm og fiska sem er sleppt. Þetta kann að skekkja samanburð við fyrri ár þegar meira var bókað eftir fjölda, áður en hús félaganna komu til sögunnar og veiðibækur voru teknar í notkun. Einnig er einhver vanhöld á að allir mæti í hús og bóki aflann að lokinni veiði. Brýna þarf fyrir veiðimönnum að bóka allan afla.

Maí og júní voru bestu mánuðirnir en júlí sker sig úr vegna lélegrar veiði. Veður í september var slæmt mestallan mánuðinn, sem sýnir sig í nánast engri veiði. Ármenn veiddu 205 bleikjur, Árblik 139, SVH

273, Stakkavík 71 og Selfyssingar 76. Fengsælustu flugurnar voru Peacock, Krókurinn og Pheasant Tail en upplýsingar um agn lágu ekki fyrir frá öllum félögunum.

Veiðimálastofnun hélt áfram tilraunaveiðum í ár. Nú veiddust 177 bleikjur í netaröðina, en þær voru 138 í fyrra og 84 árið 2012. Samkvæmt mælingum er fiskurinn í vatninu í mjög góðum holdum og vel haldinn. Lengdardreifingin í haust var á bilinu 16 til 40 cm og eru engin göt í dreifingunni.



Lagersala á hnýtingar- og veiðivörum



Brass keilur 100 stk. á **1.500 kr.**
Tungsten keilur 10 stk. frá **330 kr.**



Flashabou 150 þræðir í pakka á **300 kr.**



Kúlur brass 25 stk. frá **250 kr.**
Metallicrauðar 25 stk. á **350 kr.**
Tungsten 25 stk. á **700 kr.**



Krókar 100 stk. á **700 kr.**

9 feta ECP stöng, LW4 léttmálmshjól 3/5, flotlína og undirlína uppsett og klárt **28.000 kr.**

9 feta MMX, LW5 léttmálmshjól 3/5, flotlína og undirlína uppsett og klárt **28.500 kr.**


Hólkur, poki og auka toppur fylgir stangasettum

JOAKIM'S EHF

Lagersala að Skútuvogi 10F hefst 9.janúar 2015


Hlíðarvatn - yfirlit

Hlíðarvatn 1995 - 2014





Yfirlit yfir veiði í Hlíðarvatni á vegum Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar (SVH) frá 1995. Einnig er sett inn heildarveiði samkvæmt upplýsingum frá Veðimálastofnun frá árinu 1999. Samkvæmt yfirlitinu er SVH með 25 til 40% aflans í vatninu. Önnur stangaveiðifélög sem veiða í vatninu eru Ármenn, Stangaveiðifélag Selfoss og Stangaveiðifélag Þorlákshafnar auk Stakkavíkurnefndar.

Hlíðarvatn 2003 - 2014




Hlíðarvatn - Helstu veiðistaðir 2014




Hlíðarvatn - yfirlit

Hlíðarvatn - Helstu flugur 2014



Hlíðarvatn - Þyngdardreifing



Stærsti fiskur SVH

Meðalþyngd

Meðallengd

	Stærsti fiskur SVH	Meðalþyngd	Meðallengd
2004	3,0 kg	0,64 kg	
2005	2,5 kg	0,68 kg	
2006	2,6 kg	0,62 kg	
2007	2,7 kg	0,65 kg	
2008	2,0 kg	0,54 kg	
2009	4,5 kg	0,51 kg	
2010	2,2 kg	0,48 kg	0,34 cm
2011	2,2 kg	0,52 kg	0,39 cm
2012	2,5 kg	0,70 kg	0,35 cm
2013	3,9 kg	0,95 kg	0,46 cm
2014	3,0 kg	0,42 kg	0,40 cm

Meðal veiði SVH 1995-2014

1.021 fiskar

Meðal veiði SVH sl. 10 ára (2005-2014)

637 fiskar

Veiði á stöng

55 SVH: Veiði á stöng 2014

183 SVH: Meðal veiði á stöng 1999-2014

172 Meðal veiði á stöng í Hlíðarvatni 1999-2012



RAFGEYMASALAN

Dalshrauni 17 Hafnarfirði 565 4060

sala@rafgeymar.is www.rafgeymar.is

Kastnámskeið á vegum:

SVH, SVFR og Kastklúbbs Íslands

Öll námskeiðin eru fjórir sunnudagar frá kl: 20:00 til 22:00 og fara fram í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík.

Allur útbúnaður er á staðnum, þó er þeim sem koma bent á að taka með sér góða inniskó, helst íþróttaskó.

Næstu námskeið framundan eru:

- 1., 8., 15. og 22. mars
- 12., 19., 26. apr og 3. maí

Útikastæfingarnar eru auglýstar sér á námskeiðunum.

Nánari upplýsingar í sínum: 8942865 og 8967085

FLUGUHNÝTINGAR

Námsflokkar Hafnarfjarðar í samvinnu við SVH

Leiðbeinandi: Vignir B. Árnason

Byrjendur

16. febrúar til 16. mars.

Miðvikudaga kl. 18.30-20.30

Kennsla fer fram í félagsheimili Stangveiðifélags Hafnarfjarðar v/Flatahraun 29, Hafnarfirði

Allt efni innifalið og tæki til afnota.



Námsflokkar Hafnarfjarðar
Miðstöð símenntunar



Eitt kort
38 vötn
6.900 kr

www.veidikortid.is

VEIÐIKORTIÐ
2015

www.veidikortid.is

00000 N1 SVH

Aldrei fleiri vötn!



Jú, kannski ef það er snarvitlaust veður Elsti og yngsti félaginn - ásamt óvæntum gesti

Það verður að teljast alveg ótrúlegt að menn séu enn á fullu í veiðiskap rúmlega níráðir og það eingöngu í fluguveiði. Þannig er það þó með elsta félagsmann okkar og heiðursfélaga Ármann Sigurðsson öðru nafni Manni, en hann var formaður félagsins í eina tíð. Þess má jafnframt geta að tvíburabróðir Ármanns, Sigdór var einnig í félaginu. Hann féll frá á síðasta ári og lifir minningin um góðan vin og veiðifélaga. Veiddu þeir bræður saman alveg fram undir það síðasta, en undirrituð á margar góðar minningar um þá bræður saman, enda veiðifélagar til margra ára.

Árið 2001 birtist ítarlegt viðtal við Ármann í fimmtíu ára afmælisriti félagsins. Þrátt fyrir öll árin sem liðið hafa hefur Ármann ekki slegið slöku við í veiðiskapnum nema síður sé. Hann hefur stundað bæði lax og silungsveiði á fullu og þá mest síðustu árin með konu sinni og veiðifélaga Sigríði Hrólfsdóttur. Hlíðarvatn í Selvogi er uppáhalds veiðisvæði þeirra, enda þekkja þau það vel eftir öll árin við vatnið.

Ármann tekur það fram að hann hefur í hyggju að stunda veiðina mikið í sumar. Já, það er fátt sem stoppar Manna „en jú, kannski ef það er snarvitlaust veður“ að hans sögn.

Hvað er það sem veldur þessum áhuga á veiði þrátt fyrir háan aldur? Það væri fróðlegt að vita. Við Manni settumst niður í létt spjall eina kvöldstund til að leita svara við því. Svo skemmtilega vildi til að þetta sama kvöld var kær vinur hans og veiðifélagi til margra ára, Þórður Þórðarson í heimsókn frá Danaveldi. Þórður hefur verið félagsmaður til margra ára í SVH og þar af nokkur ár í stjórn félagsins ásamt því að sinna fleiri nefndarstörfum fyrir félagið.

Þótt þetta spjall hafi í upphafi átt að vera við Ármann þá er ekki hægt annað en að leyfa sér að tvinna það við heimsókn Þórðar. Enda þegar gamlir veiðifélagar hittast, verða sögurnar enn skemmtilegri og þeir hjálpast að við að muna



Með allt í keng við Eystri Rangá

þær. Þó þannig að þeir upplifuðu þær á sinn háttinn hvor og voru ekkert endilega alltaf sammála.

Ég vissi að þetta yrði hin besta skemmtun. Þeir félagar léku á alls oddi og reyttu af sér hverja veiðisöguna á fætur annari. Sumar voru reyndar þannig að þeir báðu sérstaklega um að þær yrðu ritskoðaðar, þær séu bara einfaldlega þannig að ekki er hægt að hafa eftir orðétt allt sem kom fram í þeim. Menn verða bara að geta í eyðurnar.

Fyrir allmörgum árum ákváðu þeir félagarnir ásamt mökum sínum, Siggú og Maríu að halda austur í „Grenlæk í Landbroti“ til veiða.

Faraskjótinn sem nota átti til ferðarinnar var veiðibíll Þórðar, forláta Volvo Lapplander sem var innréttaður sem húsbíll. Inn í hann var settur bátur sem nota átti í „Flóðinu“. Báturinn rétt svo komst inn í bílinn svo ekki var nú mikið pláss eftir fyrir frúrnar. Nú voru góð ráð dýr. Lendingin varð sú að þær myndu liggja á beddum beggja vegna við bátinn sem var lagður ofan á borðið í miðjunni. Þar sem ekkert annað pláss var í boði létu þær sig hafa það og urðu þær að skríða niður á gólf undan borðinu til að komast bæði inn og út úr bílnum. Báðar eru þær með ólæknandi veiðidellu og því algjör óþarfi að vera að gera eitthvað veður út af svona smámunum.

Þórður segir söguna

„Við gerðum þarna góða veiði og fengum nokkra væna fiska. Svo var það á leiðinni heim úr túrnum að við vorum orðin bæði þreytt og slæpt. Við höfðum ekki gefið okkur tíma til að snæða áður en lagt var af stað heim. Ákváðum við þá að koma við í Hveragerði til borða og fórum í „Húsið á Sléttunni“. Eitthvað gekk nú brösulega að koma aftursætisfarþegunum út þarna en það tókst á endanum. Mér er það svo minnisstætt að þarna áttum við gersamlega yfir okkur. Fyrst allavega þrjá diska af sveppasúpu og síðan eitthvern pottrétt og gátum við varla hreyft okkur eftir allt þetta át“.

Þórður segir okkur frá fyrstu ferð þeirra félaga í Grenlæk

„Við Manni ákváðum að skella okkur austur í „Grenlæk“. Þegar þangað er komið er brjáláð rok og ekkert hægt að fara út. Daginn eftir var svo komið skaplegra veður og við fórum að veiða. Ég fæ fljótlega birting og Manni kallar á mig „hvað er hann að taka?“ Og ég svara „hann tók Dentist“. „En það er silungafluga“ segir Ármann“. „Já, sjóbirtingurinn er silungur“



Ármann og Þórður á góðri stund. Myndin tekin við veiðihúsið í Haganesi skammt frá útfalli Mývatns



Í „blíðviðri“ í Veiðivötnum

svara ég. „Andskotinn, ég sem er bara með laxaflugur“, segir Manni.

Hér grípur Ármann inn í og segist hafa skilið allar silungaflugurnar eftir heima.

En ekki var þetta það eina sem gerðist í þessari ferð. Og nú tekur Þórður við.

„Ármann var með gamlan háf, frekar stuttan og er að færa sig í vatninu frá bátalæginu upp eftir. Dregur á eftir sér línuna og er með stóra „Black Ghost“ flugu á. Allt í einu er rífið hressilega í hjá honum og hann fær þessa flottu bleikju. Hún er það stór að hann rétt nær að koma þessari „háfskeið“ sinni undir hana og lóðsar svo bleikjuna í land með háfinn og hana fast upp að bringunni. Hún komst náttúrulega ekkert í háfinn. Þetta var nú ekkert annað en „skeið“.

Nú grípur Ármann inn í söguna og segir með alvörusvip. „Ég ætlaði nú bara alls ekki að missa hana þessa, enda 5 punda bleikja“.

Og áfram halda veiðisögurnar

Ármann segir okkur söguna af því þegar hann fór í Stóru-Laxá. Í þeim túr veiddi hann stóra laxinn sem prýðir vegginn í félagsheimili okkar. Er honum minnisstæð sú viðureign enda kom í ljós síðar að taumurinn á stönginni var aðeins fyrir 12 pund, en laxinn vó um 21 pund og því tók viðureignin þó nokkurn tíma. Ekki hafði

Ármann hugmynd um að hversu grannur þessi taumur var þar sem annar veiðimaður hafði sett á línuna fyrir hann. Kannski sem betur fer, því ef hann hefði vitað það þá hefði orðið mun meira áhyggjuefni fyrir hann að missa fiskinn.

Það var svo í annari ferð í sömu á, að hann var staddur á svæði 1 austan megin árinna, en þar kennir margra kartöflugrasa. Segist Ármann þá hafa dottið „óvart“ ofan í kartöflugarðinn og týnt í leiðinni undan tveimur grösum sem hann setti svo aftur á sinn stað. Þegar hann kemur í veiðihúsið um kvöldið hittir hann fyrir konu sem var þar með manni sínum. Hún ber það á Ármann að hafa stolið þessum kartöflum, en hann sagðist hafa dottið þarna og þær hefðu óvart endað í vasanum á vöðlunum. Hann bauð henni svo nýjar soðnar kartöflur um kvöldið sem hún auðvitað þáði.

Áfram heldur Ármann

„Ég var einu sinni sem oftast að fara að veiða í „Veiðivötnum“ og fór þá á stað sem kallaður er „Stóra Tá“. Geng ég meðfram þar sem hærra er vinstra megin við hana. Þar sé ég stangir á bíl sem þar var og fluguna „Köttinn“ á einni stönginni. Svo ég hugsaði með mér „ég set bara Köttinn á“ og í öðru kasti tekur vænn fiskur hjá mér. Hann var þægur fyrst, en óþægur svo. Þegar ég var búinn að ná honum að aftur, rauk hann út, kom svo að aftur og svo út á fullu. Sleit svo allt saman og ég fékk alla línuna beint í kjaftinn. Veiðivörðurinn þarna sagði að



Ármann og Sigga við Hlíðarvatn

Þetta hefði bara verið passlegt á mig fyrir að vera með svona ónýtt girni.

Nú fæ ég Ármann til að segja mér sögur frá Hlíðarvatni

„Einu sinni vorum við að veiða í Hlíð. Ég, Sigdór bróðir og Steini í Gróf, allir í „Kaldósnum“. Nema það að Steini fer upp á land vestan við, þar sem var grasflötur áður en hækkaði í vatninu. Steini liggur þar á fjórum fótum og er að greiða flækju. Sigdór segir þá við mig, „Hvurn djöfullinn er Steini að gera, það er eins og hann liggi á bæn“. „Uss, veistu ekki að hann er múhameðstrúar?“ hvíslaði ég. Sigdór þagnaði í smá stund og sagði svo „helv.íflíð þitt“, og skellihló svo. Ég skildi bara ekki hvers vegna mér datt þetta í hug, segir Ármann og hlær dátt.

Nú tekur Þórður við

„Einu sinni vorum við í haustveiði í Hlíð í kolvitlausu veðri. Ég hafði fengið þurrbúning lánaðan hjá einum félaga mínum. Tek svo Manna með mér út í bíl til að sýna honum búninginn. Klæði mig í hann, fer í regngallann utan yfir og svo í vestið. Ég rölti út í „Hjallhólmann“ en þar var fyrir Guðni Kolbeins að veiða. Ég fer úr vestinu og veð útí og kalla svo svo til Guðna. „Guðni ég ætla að fara hérna yfir, heldurðu að þú takir ekki vestið fyrir mig?“. Manni var þá inni í húsi ásamt mörgum öðrum því það nennti enginn út að veiða enda veðrið þannig.

Ég fer að vaða þarna lengra út og Manni hlustar á alla hina inni í húsinu. „Hva, svakalega er hann komin langt þarna“. Og þeir héldu áfram „það er hægt að vaða þarna, og hann fer þarna, og svona“ sögðu hinir. En Manni þagði bara því það höfðu allir einhverja lausn á þessu. En ég var fyrir löngu kominn á flot og svo fiskaði ég mig yfir víkina með vindinn í rassinn í áttina að húsinu. Það voru nefnilega nokkrir inni sem höfðu vaðið þarna „oft“. Ég var náttúrulega bara í flotgallanum en þeir vissu ekkert af því, þeir sáu bara regngallann. Til að halda mér á floti hleypti ég passlega miklu lofti úr gallanum því þannig hélst ég uppi og komst yfir víkina.

Hér grípur Ármann inni söguna

„Þá verður einum innandyra að orði, að það hljóti að vera farið að blotna eitthvað í þessum manni. Og ég segi. „Ég veit ekki hvernig í ósköpunum hann fer að þessu, hann hlýtur að vera kominn í vatn upp fyrir haus“. Allir höfðu nú samt gaman að þessu og klöppuðu og hrósuðu Þórði fyrir uppátækið“. Ekki fylgdi

sögunni hvort eitthvað hefði veiðst í þessari ferð Þórðar yfir víkina.

Þórður

„Einu sinni var ég að veiða á „Mölinni“ við Hlíðarvatn og þar var fyrir annar veiðimaður sem komin var með nokkra fiska. Ég spyr hann hvað hann sé að taka? „Svarta púpu“, svarar hinn. Þá vissi ég alveg hvað klukkan sló. Svo hætti hann að fá fisk og ég fór að fiska. Þá kallar hinn á mig og segir: „Hvað er hann að taka?“. „Það er nú það“ sagði ég bara. Hélt svo áfram að veiða og fékk nokkra í viðbót. Svo rölti ég yfir til hans og sagði „Ég skal sýna þér, þetta er nú bara brúnt rusl af borðinu sem ég kalla „Þaðernúþað“.

Stundum er það þannig að menn raða sér margir saman þar sem fiskur er að taka. Einu sinni var Ármann við veiðar með Svenna Ingvars í „Botnavíkinni“ alveg innst í kverkinni fyrir neðan Ármannahúsið. Það var sýnilegt að fiskurinn var að koma utan að og greinilega eitthvert æti þarna innan frá. Þeir vaða báðir út og eru í stanslausum fiski þarna. Svo flækist eitthvað línan hjá Svenna og hann veður í land. Sér þá Ármann hvar fiskur kemur upp við lappinnar á Svenna. Hann kastar á uppítökuna og fiskurinn tekur rétt við lærið á Svenna sem bregður svo mikið að hann stekkur upp í loft og kallar til Ármanns „Ætlaðu að kasta í vöðlurnar mínar?“ og vandaði Manna ekki kveðjurnar, sem eru óprentæfar og verða því ekki hafðar eftir hér.

Það væri hægt að halda áfram langt fram á nótt með þeim félögum enda af nógu að taka, en einhvers staðar þarf að stoppa, því miður. Svarið við því hvað heldur veiðiáhuganum gangandi hjá Ármanni, liggur kannski í sögunum sem við höfum fengið að heyra þessa kvöldstund.



Veiðifélagarnir Manni og Þórður þegar viðtalið er tekið



Anja Mist við Djúpavatn



Í Veiðivötnum

hana að segja okkur einhverja eftirminnilega veiðisögu.

Yngsti félaginn

Það vill svo til að elsti og yngsti félaginn hafa veitt mikið saman. Anja Mist Guðjónsdóttir er barnabarn Sigríðar konu Ármanns. Má segja að þau hafi átt sinn þátt í að ala á veiðiáhuga hennar. Hún var ekki gömul þegar þau fór með hana í fyrsta veiðitúrinn í Hlíðarvatn. Þegar hún var rétt um 9 ára það hún ömmu sína að fá að ganga í félagið. Síðan eru liðin fimm ár og hún fer í nokkra veiðitúra ár hvert. Við báðum

Árið er 2008

„Ég fór í Djúpavatn með ömmu, afa og fleirum. Verðrið var frekar vont, rigning og rok. Ég, Elísabet systir og Jóhanna frænka mín vorum samt ákveðnar í að fara út að veiða. Þetta byrjaði nú ekki vel. Amma gat ekki kveikt á ofninum en svo kom það í ljós að það þurfti að skipta um gaskút. Afi fór og skipti um en amma fór að græja stangirnar með okkur. Svo fórum við út, en það var hvasst og kalt og erfitt að kasta með vindinn beint í andlitið. Amma kallaði „komið þið bara inn!“. Ég sagði „nei við ætlum að veiða“ og fórum svo niður á sandinn. Afi kom líka og hjálpaði mér og stelpunum að henda út. Þetta fór voða stutt allt saman út af rokinu. Allt í einu fór stöngin í boga og það var fiskur á minni stöng sem reyndist vera 2.1kg. Ég vildi reyna aftur og stelpurnar vildu líka vera lengur, en þá kallaði amma á okkur. „inn í hús og allir fá heitt kakó“. „Þið getið veitt á morgun“.

Veiði er skemmtileg og ég fer á hverju ári í Djúp, Veiðivötn og stundum í Hlíð.

Anja Mist

Vil ég þakka viðmælendum mínum kærlega fyrir að leyfa okkar njóta frásagna þeirra.

Vilborg Reynisdóttir



TREFJAR

Óseyrarbraut 29, 220 Hafnarfirði

Kíktu á
trefjar.is

Hringdu
5 500 100

Vetrarstarfið 2015

Opin hús verða á þessum dagsetningum í vetur.
Staðsetning: Flatahraun 29, 220 Hafnarfjörður
Húsið opnar ávallt kl: 20:00

Gestir ávallt velkomnir - og við erum einnig alltaf með heitt á könnunni

fimmtudagur - 22 jan 2015

fimmtudagur - 29 jan 2015

fimmtudagur - 05 feb 2015

fimmtudagur - 12 feb 2015

fimmtudagur - 19 feb 2015

fimmtudagur - 26 feb 2015

fimmtudagur - 05 mar 2015

fimmtudagur - 12 mar 2015

fimmtudagur - 19 mar 2015

fimmtudagur - 26 mar 2015


fimmtudagur - 09 apr 2015

fimmtudagur - 16 apr 2015

miðvikudagur - 22 apr 2015 - Lokahóf

Athugið að kynningar verða auglýstar sérstaklega í fjölpósti, á heimasíðunni og í Fjarðarpóstinum.

- **Fræðslu- og skemmtinefnd**



Við fallet veiðivatn - um miðja nótt. Gott að ylja sér við svona myndir fram á vorið.

Gæðamerki í fluguveiði

Scott

Flugustangir með
lífstíðarábyrgð

fishpond

Töskur, vesti, útvistarvörur

Wychwood

Í veiðina

KAMASAN

Önglar

aquaz

Vöðlur, jakkar og skór

 **loon**
outdoors

Vistvæn efni

C&F DESIGN
CONCEPT & FORM by K. YONENOI

Í fluguhnýtingar og veiði

HEILDSÖLUDREIFING: 

ÁRVÍK

GARÐATORGI 3 • SÍMI 568 7222 • FAX 568 7295

www.arvik.is

Efnilegasta silungaflugan 2014

Eins og flestir vita er haldin hnýtingarkeppni á hverju vori hjá okkur. Hér á síðunni má sjá vinningsflugur síðasta vors, 2014, bæði í flokki fullorðinna (SVH) og í unglingaflokki (uSVH)

SVH - fullorðnir

1. sæti: **LLL (Litla Ljóta Lirfan)**

Höfundur: **Logi Már Kvaran**

Krókur: Grubber no 12

Tvinni: Tan Danvilles

Vöf: Small koparvír

Búkur: Spunnið Latex


Rendur í búk: Svartur tvinni lagður með þegar

koparvírinn er vafinn

Frambúkur: Latex

Bak: Tveir þræðir af svörtum tvinna

Haus: Svartur tvinni



Litla Ljóta Lirfan

SVH - Fullorðnir

2. sæti: **Rib Master**

Höfundur: **Bjartur Ari Hansson**

Krókur: Grubber no 10

Haus: kúla - nikkel 3,3

Body: Vinilrib medium black

Þráður: Uni-Thread 8/0

Stél og vængir: Gæsafjöður



Rib Master

SVH - Fullorðnir

3. sæti: **Blinga**

Höfundur: **Halldór Gunnarsson**

Krókur: Grubber no 10

Búkur: Rautt Perlu Solidrib (1mm)

Vöf: Uni-French Oval gull (small)

Kúla: Gull

Stél: Orange glitull (multi yarn)

Kragi: Orange glit döbb

Tvinni: Orange UNI 6/0



Blinga

uSVH - Unglingar

1. sæti: **Sjonni**

Höfundur: **Veiga Dís Hansdóttir**

Krókur: Grubber no 10

Þráður: Svartur 8/0 Unithread

Rib: Silfurvír

Body: Vinilrib svart medium

Kragi: Peacock

Rass: Sparkle vöf rauð

Haus: Kúluhaus no 3,3

Vængur: Rautt garn



Sjonni

uSVH - Unglingar

2. sæti: **Pardusinn**

Höfundur: **Tómas Jökull**

Krókur: Grubber no 8

Kúla: Holographic

Þráður Rauður Danville 6/0 (Glo brite floss í kraga)

Búkur: Holograph tinsel

Skott: Bleikt Glo-Brite

Kragi: Veniard micro cactus chennille, orange



Pardusinn

uSVH - Unglingar

3. sæti: **Ástríður**

Höfundur: **Veiga Dís Hansdóttir**

Krókur: Standard no 12

Þráður: Danville - waxed - brúnn

Body: Seals fur substitute (bleikt dub)

Tail: Hanahálsfjöður / hár

Vöf: Peacock

Hackle: Rautt og grátt grizzly



Ástríður

uSVH - vetrarstarf 2015

Venjulega verður um kennslu og hnýtingar að ræða, en þó er líklegt að fram fari útiæfingar þegar kemur fram á vorið og veður verður til þess.

Nánar verður þetta auglýst á heimasíðu uSVH:

www.usvh.wordpress.com

20.jan. 2015

27.jan. 2015

3.feb. 2015

10.feb. 2015

24.feb. 2015

3.mar. 2015

10.mar. 2015

17.mar. 2015

24.mar. 2015

31.mar. 2015

7.apr. 2015

14.apr. 2015



Nonni Gull

Handverk í sérflokkki

Strandgötu 37 • sími: 5654040 • www.nonnigull.is

Efnilegasta silungaflugan 2015

Húskonur og -karlar efna til samkeppni um efnilegustu silungafluguna fyrir sumarið 2015.

Í flokki fullorðinna er öllum félagsmönnum í SVH heimil þátttaka.

Í flokki unglunga verða eingöngu þátttakendur úr unglingastarfi uSVH í vetur og miðast við 16 ára aldur.

Þáttökureglur:

Flugan skal vera silungafluga en útfærsla að öðru leyti frjáls. Dæmt verður fyrir handbragð, frumleika og hversu veiðileg flugan þykir.

Flugunni skal skila í síðasta lagi á opnu húsi þann 9.apríl 2015. Skila skal tveimur eintökum af flugunni ásamt nafni flugunnar og uppskrift. Nafn höfundar ásamt símanúmeri skal fylgja með í lokuðu umslagi merktu nafni flugunnar, dulnefni höfundar og keppnisflokki.

Rafgeymar eru okkar fag.

Við sérhæfum okkur í sölu og þjónustu á rafgeymum fyrir allar tegundir faratækja. Einnig rafgeyma fyrir Gólfvottavélar, Golfbíla, Golfkerrur, Vinnulyftur o. fl.



BERGA
BATTERIEN

Þýsku Bergageymarnir er seldir hjá Rafgeymasöluni

RAFGEYMASALAN

Dalshrauni 17 220 Hafnarfjörður sími:565 4060
www.rafgeymar.is sala@rafgeymar.is

Flugurnar í báðum keppnisflokkunum verða dæmdar af óháðum aðilum.

Áskilinn er réttur til að birta mynd af verðlaunaflugunum og uppskriftir í Agninu og á vef SVH og uSVH.





Veiðiferðir félagsmanna

Stjórn SVH skrápp í Veiðivötn og lenti þar í þessari brjáluðu blíðu, 14° – 20° gráður og logn.

Vötnin og umhverfið skartaði sínu fegursta þessa daga og sjaldan eða aldrei hef ég upplifað annað eins. Það urðu nú ekki til neinar miklar sögur eða ævintýri í þessari ferð en allir fengu fisk og fóru heim með bros á vör (held reyndar að það sé ekki enn farið af sumum) og fullan poka af góðum minningum.

En stundum eru veðurguðirnir ekki alveg með á nótunum hvað árstíðir varðar. Sjá má á meðfylgjandi myndum að ekki er alltaf sól og blíða í sumarveiðinni.



Veiðiferðir félagsmanna

Fossálar október 2014

Dagana 6. – 8. október 2014 endurtókum við félagarnir heimsókn okkar frá árinu áður í Fossálana.

Þegar við mættum á svæðið var kolvitlaust rok og rigning (ca 24-26 m á sek) og fuku fossarnir meira upp á við en að renna niður. Við létum það nú ekki á okkur fá og reyndum fyrir okkur á öllum vinsælustu stöðunum. Framan af gekk nú ekkert allt of vel en slatta sáum við samt af fiski og suma mjög væna. Þegar við komum í hús á þessum fyrsta degi þá lágu 2 fiskar og tveir sluppu.

Daginn eftir gekk veðrið niður hægt og rólega og að endingu var komið hið besta veður. Mest nýttum við tímann á fyrstu veiðisvæðunum fyrir ofan og neðan brú. Við buðum upp á allt sem við áttum í boxunum (flugur, spúna og orm) en ekki varð nú árangurinn í samræmi við áhugann og viðleitnina. Það fór nú samt aldrei svo að við fengjum ekki einhverja fiska. Á land komu alls 8 eða 9 fiskar sem allir áttu það sameignilegt að taka spún eða flugu sem einhver blár litur var í eða á og nokkra misstum við líka.

Þetta er virkilega fallegur og skemmtilegur staður og aðstaðan algjörlega til fyrirmyndar.


Að endingu viljum við þakka vinum okkar í SVFK kærlega fyrir að fá að njóta.

Brynjar Jakobsson

Finnbogi Albertsson

Gunnlaugur Reynisson

Haraldur Víðisson



Umsókn veiðileyfa

Hér með fylgir umsóknareyðublað fyrir veiðileyfi á veiðisvæðum félagsins sumarið 2015. Athugið að tilgreina skal nákvæmlega þann dag/daga, sem óskað er eftir, en í athugasemdum má taka fram, hvaða annar dagur eða tímabil komi til greina. Við úthlutun er tekið tillit til, hversu margir félagar sameinast í umsókn um ákveðinn dag. Af gefnu tilefni er bent á, að erfiðlega getur reynst að uppfylla óskir þeirra félaga, sem sækja einir um fleiri en eina stöng í Hlíðarvatni á eftirsóttum tíma.

Annað sem verður að benda er að ekki er lengur heimilt að skila stökum stöngum úr heilum hollum. Geti menn ekki nýtt sér það sem þeir sækja um og fá, verða þeir sjálfir að sjá um að losna við stöngina sína. Vinsamlegast skráið heima- og vinnusíma á umsóknina ásamt tölvupóstfangi!

Skilafrestur er til laugardags 14. febrúar 2015 á aðalfundi félagsins

ATH - ATH - ATH

**Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma.
ATHUGIÐ! Einungis skuldlausir félagar geta sótt um.**

Umboðssölukeyfin: Að gefnu tilefni mun stjórn SVH haga því varðandi leyfi sem við erum með í umboðssölu að þar þarf að greiða 30% staðfestingargjald, 10 dögum eftir úthlutun. Ef ekki er greitt fara leyfin til annarra - eða skilað til söluaðila.

Um er að ræða: Fossála, Hrollleifsdalsá, Reykjadalssá, Grenlæk, Jónskvísl og Sýrlæk ásamt Geirlandsá.

Eins og áður verður Veiðikortið 2015 til sölu við úthlutun hjá okkur. Verðið er kr. 6.000 - sem er að sjálfsögðu mun lægra en á stöðluðum markaði.



SPORTVEIÐIBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!

Ertu ekki örugglega áskrifandi?

www.sportveidibladid.is



Málgagn veiðimanna

Hlíðarvatn

HLÍÐARVATN í Selvogi, bleikjuveiði

Þetta frábæra veiðivatn í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn: **Fluga og spúnn**. Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Verð á stöng er mismunandi eftir tímabilum. Í maí, júní og júlí er verðið kr. 5.000 á virkum dögum og kr. 6.000 um helgar. Í ágúst og september er verðið kr. 3.000 á virkum dögum og kr. 4.000 um helgar. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og **má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.**

Eftirfarandi dagar **eru ekki til úthlutunar núna 2015:**

9. maí, 18. júní, 11. og 12. júlí, 12. 16. og 23. ágúst, 2. og 3. september.

Síðustu helgina í apríl ár hvert er farið austur að Hlíðarvatni til hreinsunar á fjörum og landi, nú er það helgin 25.4.2015 til 26.4.2015

Félagsmenn eru hvattir til að mæta í þá ferð.



Djúpavatn

DJÚPAVATN á Reykjanesi, bleikja og urriði

Sannkölluð fjölskylduparadís við túnfótinn, ½ tíma akstur frá Hafnarfirði, veiðihús með 8 – 10 svefnplássum, gott útigrið og fallegt umhverfi. **Stangarfjöldi er takmarkaður við 10 stangir** og eru aðilar beðnir um að virða það. **Athugið að ef sótt er um samliggjandi helgardaga, þá eru föstud. - laugard. saman og sunnud. - mánud. saman.**

Verð fyrir húsið og allt vatnið er eftirfarandi:


14.000 kr. á dag á virkum dögum og 17.000 kr. á dag um helgar.

Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. **koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.**

Eftirfarandi dagar **eru ekki til úthlutunar núna 2015:**

19. og 20. júní, 8. og 23. júlí, 12. ágúst og 5. sept.

Veiðitímabil er frá 1. júní til 25. september. Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið, svo verður einnig núna.




Kleifarvatn

KLEIFARVATN, bleikja og urriði

Seld verða sumarkort og veiðileyfi einstaka daga eins og áður.

Verð sumarkorta, sem seld eru á skrifstofunni, er kr. 2.000 en kr. 3.000 til utanfélagsmanna. Þeir sem eru 67 ára og eldri fá sumarkortið frítt. Sumarkort seld annarsstaðar kosta kr 3.000.



Fossálar

Staðsetning:

Fossálar eru á Síðu í V-Skaftafellssýslu um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur.

Ekinn er þjóðvegur 1 sem leið liggur yfir brúna yfir Fossálana og tekinn fyrsti

vegslóði til hægri af þjóðvegi 1 í gegnum merkt hlið þar er slóðanum fylgt, sem

er vel merktur þar til að húsinu kemur. Veiðisvæðið nær frá landamærum gegnt

Orrustuhól, rétt ofan gömlu þjóðvegarbrúarinnar og til merkja á Brunasandi þar

sem veiðisvæði Vatnamóta tekur við.

Veiðitilhögun:

Veiðitímabil er frá 20. júní – 18. okt.

Húsið er leig út í fjóra daga í senn yfir sumartímann sem stendur frá 20. júní til 7. ágúst ásamt þremur stöngum frá 22. júní til 7. ágúst.

Eftir 7. ágúst er veitt í tvo stangardaga með skiptingu á miðjum degi og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímann. ATH stangirnar eru seldar saman.

Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon.

Sjá nánar á www.svfk.is



Fossálar: 3 stangir

18-22 júlí	1.800 st á dag. 3 st í 4 daga = 21.600
30 júlí-3 ágú	1.800 st á dag. 3 st í 4 daga = 21.600
19-21 ágúst	12.600 st á dag.
8-10 sept	18.900 st á dag.
22-24 sept	18.900 st á dag.
6-8 okt	18.900 st á dag.



Grenlækur

Staðsetning:

Grenlækur er staðsettur í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs og er beygt til hægri af Þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang.

Veiðihús:

Veiðihús er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið. Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur) svefnherbergi í hinni. Gasgrill er á staðnum. Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Leiðarlýsing að húsi:

Beygt til hægri af Þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóði sem liggur í hraunlendi meðfram túninu, niður brekku síðan er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.



Grenlækur: 4 stangir

11-13 ágúst	14.000 st á dag
4-6 okt	15.000 st á dag

Hrollleifsdalsá

Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km. norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon.

Húsið er staðsett í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr. 76 framhjá bænum Tjarnir sem leið liggur yfir brúna og tekinn fyrsti afleggjari til hægri.

Veiðitilhögun:

Veitt er í tvo stangardaga frá hádegi til hádegis og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímann.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21

Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon frá ósi og að brúnni á Siglufjarðarvegi.

Þar fyrir ofan er spónn ekki leyfður. ATH stangirnar eru seldar saman.

Veiðihús:

Ágætis veiðihús er við ána. Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum auk svefnlofts. Einnig er góður svefnsófi á staðnum. Þá er einnig heitt vatn ásamt sturtu. Húsið er rafvætt og helstu tæki eru til staðar, svo sem eldavél, ísskápur, kaffivél, brauðrist ofl. Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.



Hrollleifsdalsá: 3 stangir

14-16 júlí	9.900 st á dag
28-30 júlí	9.900 st á dag
7-9 ágúst	9.900 st á dag
25-27 ágúst	9.900 st á dag
4-6 sept	7.900 st á dag
10-12 sept	7.900 st á dag



Reykjadalsá

Staðsetning: Borgarfjörður.

Reykjadalsá í Borgarfirði á upptök sín við rætur Oks og rennur um Reykholtssdal framhjá þeim sögufræga stað Reykholti. Áin sameinast svo Flókadalsá og renna þær saman í Hvítá við Svarthöfða. Ef komið er frá Reykjavík er beygt til hægri af Þjóðvegi 1 áður en farið er yfir Borgarfjarðarbrúna og inn á Borgarfjarðarbraut (veg nr. 50) eknir eru um 30 km sem leið liggur fram hjá afleggjurunum inn í Skorradal og til Hvanneyrar og síðan framhjá syðri afleggjaranum inn í Lundareykjadal.

Yfir Grímsá alla leið til Kleppjárnsreykja og er þar tekinn fyrsta beygja til hægri, ekið framhjá félagsheimilinu Logalandi, fljótlega eftir það er tekin vinstri beygja inná slóða til veiðihússins.

Veiðitilhögun:

Sjá nánar á www.svfk.is

Veiðitímabil er frá 20. júní – 28. sept.

Veitt er með tveimur veiðistöngum allan veiðitímann og geta tveir menn skipt með sér einni stöng en skulu fylgjast að við veiðar. ATH stangirnar eru seldar saman.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21. Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk.

Reykjadalsá: 2 stangir

18-20 júlí	27.400 st á dag
30 júlí-1 ágúst	30.700 st á dag
17-19 ágúst	36.200 st á dag
10-12 sept	42.800 st á dag



Jónskvísl og Sýrlækur

Jónskvísl og Sýrlækur í Landbroti eru mjög fallegar og skemmtilegar veiðiár. Þetta eru fyrst og fremst sjóbirtingssvæði en þó er aðalveiðin yfir sumartímann bleikja og staðbundinn urriði. Mjög gott aðgengi er að ánni.

Um er að ræða tvær stangir sem eru seldar saman.

Staðsetning

Jónskvísl og Sýrlækur eru staðsettir í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs og er beygt til hægri af þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Vinstra megin við heimreiðina rennur svo Jónskvísl.

Veiðihús

Félagið á stórt og gott veiðihús sem er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið í Grenlæk.

Veiðitilhögun

Veitt er á þrjár stangir og leyfilegt að tveir séu saman á stöng.

Veiði hefst 30. júní og stendur til 20. okt.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 30.júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21

Leyfilegur hámarksafli á hverja stöng á dag í sumarveiði er takmarkaður við fimm sjóbirtinga. Engar takmarkanir eru á veiði vegna staðbundins urriða og bleikju.

Þá er mönnum frjálst að veiða og sleppa.

Leyfilegt agn er fluga, spónn og maðkur.

Æskilegast er að veitt sé á flugu.

Sjá nánar á www.svfk.is



Jónskvísl og Sýrlækur: 3 stangir

20-22 júlí	9.000 st á dag
17-19 ágúst	14.000 st á dag
31 ág-2 sept	14.000 st á dag
6-8 okt	12.000 st á dag.

Geirlandsá

Geirlandsá á Síðu er staðsett í V-Skaftafellssýslu og er án vafa ein af bestu sjóbirtingsám landsins.

Veiðivon er fyrst og fremst mjög vænn sjóbirtingur með þó nokkurri laxveiði og bleikjuvon.

Leiðarlýsing að húsi

Ekið er sem leið liggur eftir þjóðvegi 1 til Kirkjubæjarklausturs.

Beygt er við hringtorgið á Kirkjubæjarklaustri og keyrt inn áfram um 3 km á veg 203 sem er Geirlandsvegur.

Þar skammt innan við bæinn Geirland er tekin vinstri beygja

inn heimreiðina að veiðihúsinu sem er staðsett í skógarlundi undir fjallinu Kylli.

Veiðitilhögun

Veiðitíminn er frá 21.júní til 18.október og auk þess vorveiði (sjóbirtingur) sem hefst 1.apríl ef aðstæður leyfa.

Útseld veiðitímabil í vorveiði er tveir dagar með skiptingu á miðjum degi.

Í haustveiði sem er tíminn frá 3. ágúst til 18. okt. eru seldir

tveir dagar saman með skiptingu á miðjum degi.

Veitt er með fjórum stöngum allan veiðitímann.

Frá 20.september til 18.október er leyft að veiða í veiðistað

númer 15 Flatarhyl og niður á neðsta veiðistað, sama gildir fyrir vorveiðina.

Heimilt er að tveir menn deili með sér einni stöng og skulu þeir fylgjast að við veiðar í ánni. Leyfilegt er að veiða á flugu, maðk, spón eða devon.

ATH. Í vorveiði er eingöngu leyft að veiða á flugu, spón og devon. Þá er mönnum frjálst að veiða og sleppa.

Sjá nánar á www.svfk.is



Geirlandsá: 4 stangir

7-9 apríl	13.400 st á dag
13-15 apríl	10.300 st á dag
13-15 ágúst	20.300 st á dag
2-4 sept	35.900 st á dag
6-8 okt	35.900 st á dag

BARA ÞAÐ BESTA

SAGE



SIMMS



VEIÐIHORNID

VEIÐIHORNID • SÍÐUMÚLA8 • 108REYKJAVÍK • SÍMI5688410 • VEIÐIHORNID.IS